KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 602 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Mars 2019 | 1. tölublað | 15. árgangur



Orlofsblað 2019

Umsóknir um dvöl í orlofshúsnæði KJALAR
þarf að skrá rafrænt í síðasta lagi
1. apríl á www.kjolur.is

Sumarfrí í vændum

Kæru félagar!

Eins og fram kom í blaðinu í fyrra keypti félagið sína þriðju íbúð í Sólheimum 27 í Reykjavík í fyrra og eru íbúðirnar í Reykjavík orðnar fjórar. Nýja íbúðin, Jötunheimar, var til reynslu leigð út sem sjúkraíbúð og hefur reynslan verið góð. Félagsmenn hafa vegna slíkra erinda í höfuðborgina getað bókað íbúðina þrjá mánuði fram í tímann með því að bóka á skrifstofu Kjalar. Þegar íbúðin er ekki nýtt sem slík er hún til almennrar úthlutunar á orlofsvefnum. Opnað er 15. hvers mánaðar fyrir næstu sex vikur. Sú breyting verður nú gerð að íbúðin Hulduheimar fær hlutverk sjúkraíbúðar þar sem gott aðgengi er að baðherbergi í íbúðinni.

Pétursheimar og Jötunheimar í Sólheimum 27 verða eingöngu í vikuleigu í sumar en Ásheima í Sólheimum 25 verður hægt að leigja í sólarhringsleigu í sumar eins og í vetur.

Vert er að geta þess hér að nafnið Jötunheimar var valið úr innsendum tillögum í nafnasamkeppni fyrir nýju íbúðina. Tillöguna átti Hulda Hrönn Ingadóttir og fékk að launum vikudvöld í Jötunheimum.

Á síðasta vori var umhverfi orlofshússins í Lyngási í Biskupstungum lagað; gerð ný göngustétt, nýr pottur settur upp og pallur stækkaður. Húsgögn endurnýjuð, sett nýtt gólfefni og komið fyrir þvottavél en áður var búið að laga snyrtingu. Með þessum framkvæmdum má segja að stórum endurbótum orlofshúsa Kjalar sé lokið í bili en þó er verið að teikna upp endurgerð glugga í Reynihlíð í Munaðarnesi.

Af öðrum nýjungum má nefna nýjan frisbígolfvöll á Eiðum og skemmtilegar nýjar gönguleiðir á svæðinu.

Félagið treystir sem fyrr á á góða umgengni dvalargesta og þakkar félagsmönnum umhyggju þeirra fyrir orlofshúsunum. Þetta hefur verið lykillinn að því að halda leiguverði eins lágu og raun ber vitni en mesta hækkun í ár er aðeins 1.000 kr. á vikuleigu.

Frítíminn er okkur öllum mikilvægur og því skulum við njóta hans í gleði og sátt við umhverfið.

Allir geta sótt um

Grunnur að úthlutun orlofshúsa og -íbúða Kjalar er punktakerfi þar sem félagsmenn ávinna sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern vinnumánuð. Punktastaða uppfærist árlega og áður en páskaúthlutun fer fram. Orlofspunktar stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum (flestir punktar = mestir möguleikar). Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þó þeir eigi fáa eða enga punkta. Punktastaða hjá viðkomandi verður þá neikvæð.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og skiptist þannig (frádráttur pr. úthlutaða viku):

Tímabilið 10/5 - 24/5	6 punktar
Tímabilið 24/5 - 14/6	12 punktar
Tímabilið 14/6 - 2/8	18 punktar
Tímabilið 2/8 - 30/8	12 punktar
Tímabilið 30/8 - 6/9	6 punktar
Páskavika	18 punktar
Tenerife	26/28 punktar
Orlof að eigin vali	20 punktar
Fyrir hvern sólarhring í íbúðum og sumarhúsum	2 punktar
Hótelmiðar - gildir allt árið	2 punktar

Enginn punktur er af kortum til afþreyinga og flugávísunum.

Orlofshús sem tekin eru eftir reglunni „fyrstur kemur, fyrstur fær“ á sumarorlofstímabilinu kosta líka punkta. Kaup á Útilegukorti og Veiðikorti skerða ekki punktastöðu. Úthlutun á vetrartíma skerðir ekki rétt og möguleika félagsmanna til úthlutunar á sumrin eða um páska.

Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | Pósthólf 75 | 602 Akureyri
Sími 525 8383 | Fax 525 8393
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is

Orlofsnefnd:
Gunnar Björn Rögnvaldsson,
Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir,
Inga Birna Tryggvadóttir,
Ingunn Jóhannesdóttir,
Kristján Finnur Kristjánsson,
Lára Þorvaldsdóttir,
Ómar Örn Jónsson

Ábyrgðarmaður:
Arna Jakobína Björnsdóttir

Umsjón og uppsetning:
Ritform ehf., Akureyri

Prentun:
Litróf ehf.

Fljúgðu ódýrar!

Gjafabréf Icelandair og Air Iceland Connect

Félagsmönnum sem ætla sér að nýta flug Icelandair eða Air Iceland Connect á næstunni standa til boða hagkvæm gjafabréf félaganna. Þau má kaupa í gegnum orlofsvef Kjalar.

Air Iceland Connect

Gjafabréf Air Iceland Connect gildir sem greiðsla upp í öll flug félagsins. Gjafabréf notast eingöngu til að bóka flug á netinu og gildir það í tvö ár frá útgáfudegi. Ekki er hægt að fá gjafabréf endurgreitt. **Verð gjafabréfs er kr. 8.000 og er að andvirði kr. 10.000.**

Icelandair

Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla upp í flugfargjald hjá félaginu. Tveir möguleikar eru við kaup á gjafabréfi, annars vegar **kr. 18.000 að andvirði kr. 25.000** og hins vegar **kr. 28.000 að andvirði kr. 35.000**. Gildistími flugávísana er skráður á greiðslukvittun. Gjafabréfin fæst ekki endurgreittd en gildir í fimm ár.

Gjafabréf WOW

Félagsmönnum Kjalar býðst nú í fyrsta skipti að kaupa gjafabréf WOW flugfélagsins. Gjafabréfin eru enn hagstæðari leið til ferðalaga út fyrir landsteinana því það gildir sem **30.000 kr. greiðsla** upp í fargjald hjá félaginu. Félagsmenn greiða hins vegar aðeins **23.000 kr. fyrir hvert gjafabréf**.

Gjafabréf WOW á þessum kjörum gilda til 5. febrúar 2020 og getur hver félagsmaður keypt átta gjafabréf að hámarki. Bóka þarf flug og ferðast innan þessa gildistíma. Bréfin eru því ekki framlengjanleg.

Þegar flug er bókað er sleginn inn kóði gjafabréfs eða gjafabréfa ef viðkomandi ætlar að nýta fleiri en eitt. Gjafabréfin eru seld á orlofsvef Kjalar.

Nýting orlofshúsa Kjalar 2018





Hulduheimar (sjúkraíbúð), Pétursheimar og Jötunheimar

Hulduheimar

Jötunheimar



Í fjölbýlishúsinu við Sólheima 27 á orlofssjóður Kjalar þrjár íbúðir. Á níundu hæð eru tvær þriggja herbergja íbúðir, Hulduheimar og Pétursheimar, og í hvorri eru rúmstæði fyrir fjóra (tvö rúm: 140x200 og 180x200), barnarúm og tvær dýnur til að hafa á gólfi. Íbúðirnar eru með öllum nauðsynlegum húsbúnaði og fylgja rúmföt, diskaþurrkur og borðklútar við útleigu. Báðar hafa íbúðirnar verið endurbættar síðustu ár, bæði hvað varðar innréttingar og húsgögn.

Hulduheimar er leigð út sem sjúkraíbúð en er til almennrar úthlutunar þegar hún er ekki nýtt sem slík.

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september
Vika (Hulduheimar) kr. 28.000
Vika (Pétursheimar) kr. 28.000

Á 4. hæð er fjögurra herbergja íbúð, Jötunheimar, með rúmstæðum fyrir átta manns (eitt 90x200 rúm) neðri kojur í sitt hvoru herberginu (130x200 á breidd) og efri kojur (90x200).

Ásheimar

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 31.000

Einnig er í boði er sólarhringsleiga:

Fyrsti sólarhringur: kr. 11.000, annar sólarhringur: kr. 10.000, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 2.000.

Ásheimar er þriggja herbergja íbúð á tíundu hæð í Sólheimum 25. Í henni eru rúmstæði fyrir sex manns (fjögur 90x200 rúm og ein 90x200 koja) og möguleiki á tveimur tvöföldum rúmum, barnarúm og auk þess fjórar dýnur til að hafa á gólfi. Íbúðin er búin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmföt, diskaþurrkur og borðklútar fylgja.

Íbúðirnar í Sólheimum eru vel staðsettar í höfuðborginni, stutt er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Laugardalslaug, Grasagarðinn, verslanir, þjónustufyrirtæki og veitingastaði, t.d. í miðborginni, í Skeifunni og verslunarmiðstöðinni í Glæsibæ.



Hús og búnaður - Reykjavík

	Stærð í m²	Svefnpláss/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/burrkari	Uppþvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Ásheimar	102	6+4d	8	já f.6	já	nei	nei	já/já	já	já	já/já	já	nei	fös
Jötunheimar	102	6-8+2d	8	já f.6	já	nei	nei	já/já	já	já	já/já	já	nei	val
Huldurheimar	79	4+2d	6	já f.4	já	nei	nei	já/já	nei	já	já/já	já	nei	val
Pétursheimar	79	4+2d	6	já f.4	já	nei	nei	já/já	nei	já	já/já	já	nei	val

*2d, 3d, 4d = tvær, þrjár eða fjórar dýnur til að leggja á gólf.

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum íbúðum.

Gestir þurfa að þrífa og ganga frá íbúðunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í íbúðunum.

Hver eru réttindi mín?

Samkvæmt lögum og kjarasamningum eiga allir launþegar rétt á orlofi. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs. Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Ítarlegar upplýsingar um gildandi reglur samkvæmt lögum og kjarasamningi er að finna á heimasíðu Kjalar.

Orlof og veikindi fara ekki saman

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma en á orlofstímabilinu (1. maí til 15. sept. hjá ríki, 15. maí til 30. sept. hjá sveitarfélögum og öðrum) en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næsta ár á eftir.

Orlofshúsabyggðin Munaðarnesi

Félagsmönnum Kjalar standa sex hús til boða í orlofshúsabyggðinni í Munaðarnesi í Borgarfirði. Um er að ræða hús nr. 21, 36, 37, 53, Birkihlíð og Reynihlíð. Heitur pottur er við öll húsin.

Í Munaðarnesi er eitt best búna orlofshúsasvæði landsins. Þar er þjónustumiðstöð, leikvöllur fyrir börn, gervigrasvöllur til knattspyrnuiðkunnar, minígolf, hægt er að velja um fjölda fallegra gönguleiða í nágrenninu og stutt er í verslun og þjónustu, m.a. sundlaug á Varmalandi, golfvelli og veiði.

Með hverju húsi Kjalar í Munaðarnesi fylgir aðgangur fyrir tvo á golfvöllinn Glanna. Aðrir gestir húsanna fá að spila á 50% afslætti.

Eyrarhlíð 53

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september
Vika kr. 27.000

Húsið er staðsett syðst við Eyrarhlíð. Svefnstæði eru fyrir 5 manns. Allur venjulegur borðbúnaður fyrir 8 manns fylgir.



Birkihlíð - orlofshús BSRB

Félagsmenn Kjalar eiga, líkt og félagsmenn annarra aðildarfélaga BSRB, rétt á að sækja um dvöl í Birkihlíð, orlofshúsi bandalagsins í Munaðarnesi.

Húsið er á tveimur hæðum og nýlega uppgert en er ekki í almennri úthlutun.

Nánari upplýsingar og bókanir á skrifstofu BSRB í síma 525 8300.

Eyrarhlíð 36 og 37

Húsin standa nyrst í Eyrarhlíð. Í þeim eru rúmstæði fyrir 6 manns í þremur herbergjum, þar af eru tvö tvöföld rúm. Borðbúnaður og áhöld eru fyrir 8 manns.
Húsin hafa verið endurnýjuð að innan bæði hvað varðar innréttingar, rúm og stofuhúsgögn.

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september
Vika kr. 27.000 pr. hús

Í boði er viku- eða sólarhringsleiga í húsi nr. 36:

Fyrsti sólarhringur: kr. 10.500, annar sólarhringur: kr. 7.500, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 1.800.

Eyrarhlíð 36

Eyrarhlíð 37

Hús og búnaður - Munaðarnes

	Stærð í m²	Svefnplass/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Uppþvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Eyrarhlíð 36	52	7+2d	8	nei	já	já	nei	já/já	nei	já	nei	já	já	val
Eyrarhlíð 37	52	7+2d	8	nei	já	já	nei	já/já	nei	já	nei	já	já	fös
Eyrarhlíð 53	50	6-7	8	nei	já	já	nei	já/já	nei	já	nei	já	já	fös
Vörðuás 21	47	5+2d	8	nei	já	já	nei	já/já	nei	já	nei	já	já	val
Reynihlíð	133	8-10+3d	12	nei	já	já	nei	já/já	nei	já	já/já	já	já	fös

*2d, 3d = tvær eða þrjár dýnur til að leggja á gólf.
Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsum.
Gestir þurfa að þrífa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í húsunum.

Vörðuás 21

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 27.000

Einnig er í boði er sólarhringsleiga:

Fyrsti sólarhringur: kr. 10.500, annar sólarhringur: kr. 7.500, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 1.800.

Húsið er staðsett við Vörðuás, nálægt þjónustumiðstöðinni. Í því eru tvö herbergi með svefnstæðum fyrir 4 til 6 manns (1 tvöfalt rúm 140x200 og koja 90x200). Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir 8 manns.





Reynihlíð - fyrir stórfjölskylduna

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 41.000



Húsið er 134 fm að stærð, búið svefnstæðum fyrir níu fullorðna. Möguleiki er á þremur tvöföldum rúmum, auk þess sem tvö barnarúm eru í húsinu og lausar dýnur til að leggja á gólf. (rúmstærðir: 190x200, 180x200 x 2, 120x200, 70x200, 70x140, 40x110).

Borðbúnaður er fyrir 40 manns og stólar fyrir 20 manns. Nýlega var pallur stækkaður vestan við húsið og sett hurð úr eldhúsi út á hann. Einnig er hægt að ganga úr snyrtingu út á pallinn. Þrýstijöfnunarbúnaður var settur á hitaveitugrind og drenlögn lögð meðfram öllu húsinu.

Varmahlíð

Húsið er við Reykjarhólsveg 8 í orlofshúsakjarna fyrir ofan byggðina í Varmahlíð í Skagafirði. Verslun, sundlaug, veitingasala og önnur þjónusta er því í næsta nágrenni og fjölbreyttir möguleikar í lengri sem styttri ferðum á svæðinu. Næsti golfvöllur er við Sauðárkrók.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og auk þess svefnloft. Rúmstæði eru fyrir 6-7 manns (tvö tvöföld rúm: 160x200, 120x200 + tvær efri kojur) og auk þess fjórar rúmdýnur á svefnlofti. Við húsið er stór verönd með heitum potti. Húsbúnaður er fyrir 12 manns.

Sumarleigutímabil:
24. maí - 6. september
Vika kr. 28.000

Hús og búnaður - Varmahlíð

	Stærð í m²	Svefnpláss/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Upppvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Varmahlíð	60	7+4d	8	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	já/já	já	já	fös

*4d = fjórar dýnur til að leggja á gólf.
Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsum.
Gestir þurfa að þrífa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni.

Útilegur, golf og veiði

Útilegukortið

Útilegukortið gefur félagsmönnum kost á að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt. Útilegukortið 2019 kostar kr. 14.000 á orlofsvef Kjalar. Það veitir aðgang að 41 tjaldsvæði á landinu og gildir fyrir tvo fullorðna og fjögur börn undir 16 ára aldri í 28 nætur yfir tímabilið. Gildir um tjöld, tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. Veitir einnig afslátt af eldsneyti hjá völdum aðilum. Kortið, ásamt bæklingi, er sent til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum.

Golfkortið

Golfkortið gildir á valda golfvelli víðsvegar um Ísland og er til sölu á orlofssíðunni á kr. 3.500.

Veiðikortið

Veiðikortið er góður valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Það stendur félagsmönnum til boða á kr. 4.000 á orlofsvef Kjalar. Með Veiðikortinu er hægt að veiða ótakmarkað í rúmlega 35 veiðivötnum víðsvegar á landinu. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Kortið, ásamt bæklingi, er sent til félagsmanna í pósti innan viku frá kaupum. Gildistími kortsins er árið 2019.

Sjá ítarlegri upplýsingar á orlofsvef Kjalar. www.kjolur.is

Hólmatún 7

Íbúðin er á annarri hæð fjórbýlishússins við Hólmatún 7 í Naustahverfi á Akureyri. Í næsta nágrenni er matvöruverslun, golfvöllur í göngufæri og greið leið í miðbæ Akureyrar.

Rúmstæði eru fyrir sjö í þremur herbergjum (tvö tvöföld rúm 180x200, 120x200 og 80x200). Tvær rúmdýnur eru aukalega í íbúðinni sem og barnarúm. Sængur og koddar eru fyrir átta en gestir þurfa að hafa meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Íbúðin er búin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Bókun er á orlofsvef en félagsmenn á Akureyri geta þó ekki bókað íbúðina í gegnum hann.

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 28.000

Einnig er í boði er sólarhringsleiga:

Fyrsti sólarhringur: kr. 11.500, annar sólarhringur: kr. 7.500, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 1.800

Vaðlaborgir

Sumarhúsabyggðin Vaðlaborgir er í Vaðlaheiði gegnt Akureyri. Víðsýnt er þaðan um Eyjafjörð og örstutt til Akureyrar þar sem er fjölbreytt þjónusta, verslanir, veitingastaðir og afþreying. Á Eyjafjarðarsvæðinu má finna fjölda safna, sundlaugar, golfvelli, merktar gönguleiðir og margt fleira fyrir ferðafólk.

Húsið er á einni hæð og eru í því þrjú herbergi og allur nauðsynlegur húsbúnaður. Rúmstæði eru fyrir átta (tvö tvöföld rúm: 180x200 og 140x200 + tvær efri kojur) og eru í húsinu átta sængur og koddar, sem og tvær lausar rúmdýnur. Hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Vönduð 76 fm verönd á tveimur pöllum er við húsið og heitur pottur.

Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 31.000 pr. hús



Hús og búnaður - Akureyri og Vaðlaborgir

	Stærð í m²	Svefnpláss/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Upppvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Hólmatún 7	97	6-7+2d	8	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	já/já	já	nei	val
Vaðlaborgir	80	8+2d	8	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	já/nei	já	já	fös

*2d = tvær dýnur til að leggja á gólf.

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsum.

Gestir þurfa að þrífa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni.

Orlofshúsasvæðið Eiðum

Félagsmönnum Kjalar standa þrjú hús til boða á orlofshúsasvæðinu að Eiðum á Fljótsdalshéraði. Um er að ræða hús nr. 3, 7 og 8 í hverfi þar sem eru í heild 17 orlofshús. Húsin eru staðsett á einstaklega skemmtilegu kjarrivöxnu landi við Eiðavatn en húsunum fylgir aðgangur að árabát og björgunarvestum fyrir börn og fullorðna.

Nýr átta holu frisbígolfvöllur er á svæðinu og ein púttkarfa en einnig hafa verið lagðar nýjar gönguleiðir á svæðinu.

Ekki þarf að fjölyrða um náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs. Um 14 km vegalengd er í verslun og fjölbreytta þjónustu á Egilsstöðum og fjöldi áhugaverðra staða er í næsta nágrenni, merktar gönguleiðir og golfvöllur í Fellabæ.

Hús nr. 3

Í húsinu eru tvö svefnherbergi og rúmstæði fyrir 5 manns (tvö tvöföld rúm). Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu. Sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar.

Sumarleigutímabil: 7. júní - 9. ágúst

Vika kr. 23.500

Helgarleiga fyrir og eftir sumarleigutímabil kr. 14.500

Hægt er að leigja hús nr. 7 sem gestahús með leigu á húsi nr. 3. Viðbótarverð er þá kr. 13.500

Hús nr. 8

Í húsinu eru tvö svefnherbergi og rúmstæði fyrir 5 manns (tvö tvöföld rúm). Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu. Sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar.

Sumarleigutímabil: 7. júní - 9. ágúst

Vika kr. 23.500

Hægt að leigja hús nr. 7 sem gestahús með leigu á húsi nr. 8
Viðbótarverð er þá kr. 13.500

Helgarleiga fyrir og eftir sumarleigutímabil kr. 14.500

Hús nr. 7 (gestahús)

Í húsinu er rúmstæði fyrir 6 manns (eitt tvöfalt rúm + kojur). Tvær auka rúmdýnur, sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, wc salernispappír, og þess háttar. Allur nauðsynlegur húsbúnaður og stór verönd.

Sumarleigutímabil: 7. júní - 9. ágúst

Vika kr. 17.500

Vika sem gestahús við Eiðar 3 og 8 kr. 13.500
Helgarleiga fyrir og eftir sumarleigutímabil kr. 9.500

Hús og búnaður - Orlofshúsasvæðið Eiðum

	Stærð í m²	Svefnpláss/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Upppvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Eidar 3	54	5+2d	8	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	nei	já	nei	fös
Eidar 7 (gestah.)	54	6	8	nei	hellur	já	nei	já/nei	nei	já	nei	já	nei	val
Eidar 8	54	5+2d	8	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	nei	já	nei	fös

*2d = tvær dýnur til að leggja á gólf.
Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsum.
Gestir þurfa að þrífa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í húsunum.



Eftirsótt íbúð á Tenerife

Orlofssjóður Kjalar hefur í fyrsta sinn íbúð á sólareyjunni Tenerife til útleigu til félagsmanna en mikill áhugi hefur verið á að bæta valkosti sem þessum við orlofshúsaframboð Kjalar.

Íbúðin er í La Caldera Del Rey í strandbænum Costa Adeje, frábærlega staðsett í rólegu hverfi skammt fyrir ofan verslunarmiðstöðina Siam Mall og Amerísku ströndina. Stutt er í verslanir, veitingastaði og alla þjónustu. Nútímaleg hönnun og glæsileiki einkenna húsið. Útsýnið er frábært og sólsetrið engu líkt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og þrjú baðherbergi, rými fyrir 6-8 manns. Við íbúðina er einkasundlaug, garður/verönd með legubekkjum, stólum og borðum.

Útleigutímabilið er frá 8. júní næstkomandi til 8. september og var auglýstur umsóknarfrestur til 31. janúar síðastliðinn. Fjöldi umsókna barst og er íbúðin fullbókuð.

Notaleg gisting á góðu hóteli

Félagsmenn geta á skrifstofu Kjalar keypt gistimiða á mörg af bestu hótelum landsins. Bóka þarf gistimiða annað hvort í gegnum síma skrifstofunnar eða með því að senda tölvupóst á netfangið kjolur@kjolur.is

Edduhótelin

Gistimiðar gilda fyrir tvo í herbergi með handlaug, án morgunverðar. Hægt er að borga viðbótargjald við innritun fyrir herbergi með baði. Verð á gistimiða er kr. 9.000. Hann gildir á öll Edduhótelin á landinu.
Félagsmaður sér sjálfur um bókun á gistingu.

Fosshótel

Gistimiðinn gildir fyrir „standard“ tveggja manna herbergi með baði í eina nótt. Verð kr. 10.000. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn. Eitt barn 6 ára eða yngra gistir endurgjaldslaust í herbergi með foreldri/um ef deilt er rúmi. Í maí, júní, júlí, ágúst og september gildir að greiða með tveimur gistimiðum fyrir eina nótt, nema á eftirfarandi:

Á Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum, Fosshótel Reykjavík og Fosshótel Glasier Lagoon (Jökulárslón) þarf að greiða einn miða + 6.000 kr. fyrir nótt að vetri og tvo miða + 6.000 kr. fyrir nótt að sumri.

Icelandair Hótels

Gistimiðar gilda fyrir tvo í tveggja manna herbergi á ákveðnum gististöðum Icelandair hótela í Reykjavík og á landsbyggðinni. Morgunverður er ekki innifalinn. Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu á hóteli. Verð gistimiða er kr. 11.900. Gildir aðeins yfir vetrartímann til loka apríl 2019.

Keahótel

Gistimiðar gilda fyrir eins og tveggja manna herbergi á Hótel Kea, Hótel Norðurlandi á Akureyri, StormHótel í Reykjavík og Reykjavík Lights. Innifalið í verðinu er 333 kr. gistináttagjald. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn. Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu.

Verð til 15. maí 2019:

Hótel Kea: kr. 13.333 fyrir einn og kr. 17.333 fyrir tvo.
Hótel Norðurland og Reykjavík Lights: kr. 9.333 fyrir einn og kr. 12.333 fyrir tvo.
Storm Hótel: kr. 12.333 f. einn og kr. 14.333 f. tvo.

Verð frá 16. maí 2019 til 30. september 2019:

Tveggja manna herbergi á Hótel Kea kr. 32.333
Tveggja manna herbergi á Hótel Norðurlandi og Reykjavík Lights kr. 28.333
Tveggja manna herbergi á Storm Hótel kr. 31.333

Sjá ítarlegri upplýsingar á orlofsvef Kjalar.

Lyngás, Biskupstungum

Húsið stendur við Skógarbraut 5 í orlofshúsabyggðinni í Reykjaskógi, Efri-Reykjum í Biskupstungum, mitt á milli Geysis og Laugarvatns. Akstursfjarlægð frá Reykjavík er um 95 km. Hús í byggðinni eru bæði í eigu félagasamtaka og einkaaðila. Sameiginlegur barnaleikvöllur er í hverfinu. Þjónustumiðstöð er ekki í orlofshúsabyggðinni en verslun, sundlaug og önnur þjónusta er á Laugarvatni.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með rúmstæðum fyrir samtals níu (möguleiki á tveimur tvöföldum rúmum) og allur nauðsynlegur húsbúnaður. Tvær aukadýnur eru í húsinu, sængur og koddar. Hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Heitur pottur er við húsið.



Sumarleigutímabil: 24. maí - 6. september

Vika kr. 28.000

Hús og búnaður - Lyngás

	Stærð í m²	Svefnpláss/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldavél m. ofni	Gasgrill	Kolagrill	Sjónvarp/nettenging	Baðkar	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Uppþvottavél	Heitur pottur	Skiptid.
Lyngás	60	9+3d	10	nei	já	já	nei	já/nei	nei	já	nei	já	nei	fös

*3d = 3 dýnur til að leggja á gólf.

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsum.

Gestir þurfa að þrífa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í húsunum.

Göngum vel um og virðum reglur!

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að virða eftirfarandi ákvæði í reglum um notkun orlofshúsa og -íbúða Kjalar:

- Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annarra.
- Ekki er leyfilegt að setja upp tjöld, leggja fellihýsum eða hjólhýsum við orlofshús eða á bílastæðum. Gert er ráð fyrir ákveðnum fjölda gesta í húsunum og fólk er beðið um að virða það. Bent er á að í öllum tilfellum eru tjaldstæði í nágrenni orlofshúsa Kjalar.
- Reykingar eru bannaðar innandyra á öllum dvalarstöðum.
- Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr með sér í húsin og á það einnig við um gæludýr gesta húsráðenda hverju sinni.
- Sígarettustubbum má ekki fleygja á lóðum við húsin og sýna þarf varkárni við meðferð elds utandyra.

Umsóknarfrestur til 1. apríl nk.

Orlofsvefur Kjalar hefur verið opnaður og er hægt að sækja um hús og íbúðir með rafrænum hætti. Síðasti dagur umsóknarfrests er 1. apríl næstkomandi. Mikilvægt er að umsækjendur útfylli upplýsingaform á umsóknarsíðunni, s.s. heimilisfang, síma og netfang. Allar umsóknir fara í afgreiðslugrunn sem unnið er úr eftir að umsóknarfresti lýkur. Umsóknir eru metnar og úthlutað á grundvelli punktastöðu umsækjanda.

Þeir sem fá úthlutað orlofshúsi eða -íbúð fá staðfestingarbréf í tölvupósti með númeri úthlutunar. Með sama hætti er sent tölvubréf til þeirra sem fá synjun en umsóknir þeira fara sjálfvirkt á biðlista.

Gert er ráð fyrir að svör við umsóknum verði send út fyrir 11. apríl nk.

Fyrstur kemur fyrstur fær

Þann 25. apríl birtast á orlofsvefnum lausar vikur og dagar á tímabilinu frá 25. maí til 7. september. Allir félagsmenn geta þá bókað og gildir sú regla að fyrstur kemur, fyrstur fær. Fyrsta virkan dag í mánuði utan úthlutunartímabils er hægt að bóka laus tímabil í yfistandandi mánuði og þrjá mánuði fram í tímann. Þannig opnast fyrsta virkan dag í júní fyrir september og fyrsta virkan dag í júlí fyrir október og síðan koll af kolli.

Styrkir til orlofs að eigin vali

Stéttarfélagið Kjölur mun úthluta 70 styrkjum til „Orlofs að eigin vali“ fyrir komandi tímabil. Fjárhæðin er 30.000 kr. og verður úthlutað með sama hætti og um vikudvöl í sumarhúsi væri að ræða. Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni gegn framvísun löglegra reikninga sem rekstraraðili gefur út á nafn umsækjanda styrksins. Orlofsávísun gildir fyrir orlofsdvöl á almanaksárinu 2019. Aldrei er greitt hærra en 50% af útlögðum kostnaði.

Um styrki til „Orlofs að eigin vali“ gilda eftirfarandi reglur:

- Greitt er fyrir gistingu utan orlofskerfis Kjalar stéttarfélags og annarra stéttarfélaga, þ.e. hótel, gistihús, tjaldstæði o.s.frv.
- Greitt er vegna leigu á hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagni.
- Greitt er vegna hvala- og fuglaskoðunar.
- Greitt er vegna kostnaðar við skipulagðar gönguferðir með viðurkenndum ferðaþjónustuaðilum.
- Greitt er vegna skipulagðra hópferða, hestaferða, siglinga, fargjalda í flugi (að undanskildum flugávísunum í gegnum orlofsvef Kjalar), ferða með rútu eða ferju o.s.frv.
- Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, bensíni og/eða almennum ferðakostnaði.

Sækja þarf um styrk í síðasta lagi 1. apríl nk. á bókunarsíðu orlofsvefs undir „Umsóknir“.